



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1298

FUNDARBOÐ

1298. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
10. september 2019 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1906055 - Kosning í ráð og nefndir 2019

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar hefur óskað eftir tímabundnu leyfi frá störfum sem bæjarfulltrúi, tímabilið 10. september til 22. október næstkomandi af persónulegum ástæðum.

2. 1902249 - Höfði - samningur um bókhald

Bæjarráð samþykkti samkomulag Akraneskaupstaðar og Höfða um að fjármálasvið kaupstaðarins annist færslu bókhalds heimilisins til reynslu til eins árs. Markmiðið með verkefninu er að lækka kostnað samstæðu Akraneskaupstaðar en sá einstaklingur sem hafði verkefnið með höndum hjá Höfði fór á eftirlaun í maí síðastliðnum en ábyrgð á hluta verkefnisins hvíldi einnig á framkvæmdastjóra heimilisins. Aukið hefur verið tímabundið starfshlutfall núverandi verkefnastjóra á fjármálasviði til að hafa umsjón með verkefninu.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 10 að upphæð kr. 4.800.000 við fjárhagsáætlun ársins 2019, á lið 21400-1691, vegna ráðningu verkefnastjóra í 50 % starfshlutfall. Útgjöldum verður mætt með auknum tekjum 21400-0990 að sömu fjárhæð. Bæjarráð vísar samþykkt viðauka til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

3. 1905073 - Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar - umsögn

Beiðni um umsögn um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að ekki verði gerð athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Breytingin felst í því að Vatnshamralína 2 er færð úr loftlínu í jarðstreng sbr. uppdrætti Landlína dagsettum 1.3.2019.

4. 1905331 - Krókatún 3 - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og breyttu útliti einbýlishúss þ.m.t hækkun á þaki. Í gildi er deiliskipulag Krókatún-Deildartún frá 2009.

Í deiliskipulagi er skráð stærð hússins 175,4m², gert er ráð fyrir að húsið stækki í 187,2m², eða 11,8m². Deiliskipulagsskilmálar: Heimilt er að byggja litlar viðbyggingar utan byggingarreita allt að 12m², í samræmi við byggingarstíl húsa þar sem aðstæður leyfa." Erindið var grenndarkynnt frá 20.júlí til og með 18. ágúst fyrir eigendum að Krókatúni 1, 2, 4A, 5 og 6. Undirritað samþykki hefur borist frá þeim er fengu grenndarkynninguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 1905316 - Kirkjubraut 17 - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um leyfi fyrir breytingum á útitröppum og stigapalli ásamt samnýtingu göngustígs. Erindið var grenndarkynnt frá 22. júlí til og með 22. ágúst 2019 fyrir eigendum Kirkjubraut 15, 19, 21 og Akurgerði 17a. Kirkjubraut 15, 19 og 21 ásamt eigendum að Akurgerði 17a. Undirritað samþykki barst frá eigendum að Kirkjubraut 21.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 1905410 - Skólabraut 37 - Umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um byggingarleyfi fyrir byggingu kvists á norðurhlið og breyttum inngangi. Grenndarkynningu lokið 23.8.2019, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 1808052 - Skólabraut 31 - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um að breyta bílskúr í íbúð tengda einbýlishúsinu. Erindið var grenndarkynnt frá 25. júlí til og með 26. ágúst fyrir eigendum að Skólabraut 27, 29, 33 og Heiðargerði 3. Undirritað samþykki barst frá Skólabraut 29.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

8. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3382. fundargerð bæjarráðs frá 29. ágúst 2019.

9. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

124. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 2. september 2019.

10. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

112. fundagerð skóla- og frístundaráðs frá 3. september 2019.

11. 1901022 - Fundargerðir 2019 - Faxaflóahafnir

182. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 26. ágúst 2019.

12. 1901018 - Fundargerðir 2019 - Samband íslenskra sveitarfélaga

873. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. ágúst 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.